

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)



## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 13. TBL.

9. NÓVEMBER 2007

## Árangursstjórnun á fræðslusviði til umræðu

Hafnarfjarðarbær leitar leiða til að bæta þjónustu sína við bæjarbúa. Einn þáttur í því verkefni er að innleiða árangursstjórnun í stofnanir bæjarins. Verkefnið hefur verið í gangi í tvö ár og er því rétt að byrja.

Sú breyting var gerð í vetur á verkefninu að skipta því eftir sviðum bæjarins, þ.e. að innan hvers sviðs verði verkefnið á vissan hátt samhæft og samræma að því leyti sem það hentar starfsemi sviðsins. Þannig er starfandi á fræðslusviði sérstakur verkefnahópur til að halda utan um það verkefni (sjá *Skólavefritið* 14. september 2007, 5. tbl., 4. árg.)

Í dag hélt einnig áfram námskeið á vegum fræðslusviðsins fyrir stjórnendur á sviðinu þar sem fræðsla,

umræður og rýni er viðfangsefnið. Þannig hefur verkefnahópur fræðslusviðs lagt fram drög að stefnukorti fyrir fræðslusvið sem var rætt og skoðað. Jafnframt var hlýtt á fyrirlestur Margrétar Harðardóttur, skólastjóra um innleiðingu árangursstjórnar hjá Reykjavíkurborg og kosti og álitamál við að innleiða árangursstjórnun í skólastarf en hún

hefur unnið meistaraverkefni um árangursstjórnun.

Árangursstjórnun er mikið verkefni og tengist öðrum stærri verkefnum í skólastarfi, þ.e. skólastjórnun sem viðfangsefni og mati á skólastarfi sem er flókið og margslungið mál.

Frá námskeiði um árangursstjórnun með skólastjórnendum.



## Málmblastur og jól í skókassa

Það hefur verið líf og fjör í Hraunvallaskóla að undanförunu. Fyrsta heimsóknin til skólans í verkefninu *Tónlist fyrir alla* var í vikunni á sal skólans og tókst afar vel.

Þá hafa nemendur í 5. bekk verið duglegir að útbúa jólagjafir fyrir börn í

Úkraínu í verkefni sem nefnist *Jól í skókassa*. Í vikunni fóru nemendur og afhentu jólagjafir sínar en við tekur langt ferðalag til að gjafirnar berist þangað fyrir jól.

Myndirnar hér og á bakhlið eru frá Hraunvallaskóla.

## Skólaþróun





## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 5. nóvember  
148. fundur:

- Lögð fram kynning á verk-  
efninu **Vísindamaður að  
láni** sem stendur grunn-  
skólum til boða að kostn-  
aðarlausu.
- Lögð fram ályktun frá  
kennurum í Víðistaðaskóla  
um vettvangsferðir. Málið  
er í meðferð við gerð fjár-  
hagsáætlunar 2008.
- Lagðar fram tillögur um  
aðgerðir í ráningarmálum  
leik- og grunnskólakennara.  
Tillögur eru í nokkrum lið-  
um, m.a. um aukið fjármagn  
til skóla og hlunnindi til  
kennara, s.s. afslátt á sund-  
kortum og heilsuræktar-  
styrki. Samþykkt í ráðinu og  
útfært nánar fyrir fjárhags-  
áætlun ársins 2008.
- Lagt fram bréf frá Land-  
vernd um skóla á grænni  
grein en þeir eru nokkrir í  
Hafnarfirði.

**Athugið!** Fundargerð  
fræðsluráðs má lesa í heild  
sinni á vef bæjarins.

Næsta blað *Skólavefritsins*  
er væntanlegt  
föstudaginn  
16. nóvember 2007

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Nýtt frá Námsgagnastofnun: Ritunarverkefni við bækurnar **Sögusteinn**, **Völusteinn** og **Óskasteinn** eru komnar á vefinn á slóðinni: [http://www.nams.is/sogu\\_oska/index.htm](http://www.nams.is/sogu_oska/index.htm). Verkefnin eru á pdf-sniði til útprentunar fyrir kennara. Nýr kennsluvefur í ensku, **Write 2**, er þá kominn á vef Námsgagnastofnunar og tenging er frá vefhluta fræðsluviðs á vef Hafnarfjarðarbæjar. Loks er komin út vinnubók með grunnbókinni **Tænk** sem er námsefni í dönsku fyrir unglingastig grunnskóla. Til þess að vinna bókina er nauðsynlegt að hafa geisladisk með hlustunaræfingum.
- » Norræna bókasafnavikan verður sett næsta mánudag, 12. nóvember verður lesið samtímis úr sögunni um Kristínu Lafransdóttur eftir Sigríð Undset á um 2000 stöðum viðs vegar um Norðurlönd og Eystarsaltlönd. Í tilefni þess mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra koma á Bókasafn Hafnarfjarðar og lesa upp úr þessu merka verki. Einnig kemur Ragnheiður Gestsdóttir rit-  
höfundur til okkar og les úr verkum Astrid Lindgren auk þess sem hún fjallar um skáld-  
konuna sjálfa. Vikan er haldin árlega og taka  
yfir 4000 söfn á Norðurlöndunum þátt í  
henni. Á hverju ári er valið ákveðið þema og  
þar með ákveðin bók og höfundur. Í ár er  
þemað sterkar kvenimyndir og af því tilefni  
verður sérstaklega litið til verka Sigríð  
Undset og Astrid Lindgren.




## Félagslegt öryggi á vefnum í fyrirrúmi

Með tilkomu ýmissa fél-  
agslegra fyrirbæra á vefnum  
hefur aukist umræða og  
þörf fyrir að félagslegt öryggi  
þar sé virt og skapað. Á veg-  
um evrópskrar stofnunar,  
ENISA, hefur nýlega verið  
gefið út fyrsta ritið í ritflokk  
um slík mál og nefist það:  
**Security Issues and Rec-  
ommendations for Online  
Social Networks**. Þetta er  
31 síða skýrsla sem reynir  
að skilgreina þau félagslegu  
viðfangsefni og vanda sem  
skapa þurfi félagslegt öryggi í  
kringum. Alls eru þetta  
fimmtán hættur sem skil-

greindar eru sérstaklega og  
snúa bæði að tæknilegum  
atriðum (s.s. stuldur per-  
sónuupplýsinga og gagna-  
eyðing) og persónulegum  
(s.s. einelti í gegnum Netíð  
með myndbirtingum, áreitni  
og miðlun persónuupplýs-  
inga). Í skýrslunni er lagðar  
til nítján aðgerðir sem lagt  
er til að verði vegvísir í því  
að efla öryggi á Netinu, bæði  
tæknilega og í félagslegum  
samskiptum. Hér eru atriði  
sem skólar og foreldrar  
ættu að huga að til að leið-  
beina nemendum um eðli-  
lega notkun Netsins.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.enisa.europa.eu/doc/pdf/deliverables/enisa\\_pp\\_social\\_networks.pdf](http://www.enisa.europa.eu/doc/pdf/deliverables/enisa_pp_social_networks.pdf)

## Fræðiefnið



Nokkuð tæknilegt en mikil-  
vægt framlag til umræðunnar.

## Námskeið í næstu viku

### mánudagur 12. nóv.

- Námskeið 102: **Stærðfræðikennsla yngstu nemenda** kl. 15-17.30 í Menntasetrinu við Lækinn. (2. tími.)
- Námskeið 301: **Grunnatriði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (2. tími.) A-hópur.
- Námskeið 502: **Útikennsla í almennum námsgreinum- miðstig** kl. 15-16.30 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð. (2. tími.)

### þriðjudagur 13. nóv.

- Námskeið 301: **Grunnatriði í myndvinnslu** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn, 2. hæð tölvustofa. (2. tími.) - B hópur.

### fimmtudagur 15. nóv.

- Námskeið 304: **Kennsluefnis- og leikjagerð fyrir vefinn** kl. 15-18 í Menntasetrinu við Lækinn. (Síðasti tími.)
- Námskeið Námskeið 602: **Nýliðinn - Að stýra kennslu og nemendum** kl. 15-16.30 á Skólaskrifstofu, 3. hæð. (2. tími.)

### föstudagur 16. nóv.

- Námskeið 204: **Mat á skólastarfi sem umbótaferli í skólastjórnun** kl. 14-16 í Menntasetrinu við Lækinn. (1. tími.)